

12. fundur 6. september.

Allir aðalmenn mættir.

Gestir: Sigrún Ólafsdóttir og Kristín Björk Guðmundsdóttir.

1. Kostnaðaryfirlit Laugargerðisskóla:

Sigrún fór yfir rekstrarliði skólans og eru þeir flestir á pari. Þó hefur kostnaður vegna viðhalds orðið umtalsvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

2. Launaleiðrétting skólastjóra:

Samþykkt var, samkvæmt tillögu oddvita, að laun skólastjóra verði greidd samkvæmt kjarasamningi gagnvart því að við skólann starfi leikskóladeild frá 1. 9. 2010 til áramóta.

3. Umsókn um leikskóladvöl í Grundarfirði. Afgreiðslu frestað og frekari gagna aflað.

4. Kosning fulltrúa á aðalfund SSV.

Aðalmaður: Guðbjartur Gunnarsson. Varamaður: Halldór Jónsson.

5. Mál til kynningar:

- * Stefnumótun sveitarfélaga í skólamálum.
- * Flutningur málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.